



Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið
b.t. Hólmfríðar Sveinsdóttur

postur@srn.is

Reykjavík, 22. mars 2018

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggðaáætlun 2018-2024

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á öflugt og fjölbreytt atvinnulíf í öllum landshlutum. Samtökin fagna því þeirri framtíðarsýn sem sett er fram í tillögu að byggðaáætlun 2018-2024 og tekur til allra byggða landsins; „að Ísland verði í fararbroddi með nútíma innviði, framsækna þjónustu, verðmætasköpun og jöfn lífsgæði“.

Almenn atriði – atvinnustefna og byggðaáætlun

Við stöndum á tímamótum. Efnahagsleg endurreisn Íslands hefur gengið vonum fram og er raunar lokið eftir 10 ára þrautagöngu. Á sama tíma hefur alþjóðavæðing svo gott sem afnumið viðskiptakostnað og aðgangshindranir milli markaða og samkeppni um mannauð og framleiðslu margs konar verður sífellt harðari. Áskoranir framtíðar eru fjölmargar.

Þegar horft er til framtíðar er það sérstök áskorun að hlúa að brothættum byggðum og tryggja áframhaldandi tilvist þeirra. Í byggðaáætlun 2018-2024 eru markmið stjórnvalda þar að lútandi felld í þrjú flokka og ýmsar aðgerðir þar undir. Markmiðin eru að: jafna aðgengi að þjónustu milli byggða, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða.

Í flestum ríkjum heims vinna stjórnvöld að þessum markmiðum með markvissri stefnumótun þar sem hornsteinninn er **mótun atvinnustefnu** fyrir landið allt. Atvinnustefna er samhæfing aðgerða til þess að skapa aukin verðmæti, auka framleiðni og efla samkeppnishæfni við önnur lönd og á heimamarkaði. Góð atvinnustefna snýst um að byggja upp þekkingu og innviði svo að fólk um land allt geti stofnað fyrirtæki og til verði ný störf sem eru samkeppnishæf á alþjóðavettvangi. Á sama tíma byggir hún á hlutfallslegum yfirburðum hvers byggðarlags og markar sýn um atvinnuuppbyggingu byggt á staðbundnum styrkleikum og veikleikum.

Í nýlegri rannsókn á vegum Alþjóðabankans var bent á að þeir þættir sem helst ákvarða breytileika í framleiðni á milli landa eru efnislegir innviðir, menntun, nýsköpun, skilvirkni markaða og stofnanainnviðir. Undirstrikar þetta mikilvægi þeirra málefna sem Samtök iðnaðarins leggja áherslu á; innviði, menntun, nýsköpun og starfsskilyrði. Þannig eflist framleiðni og samkeppnishæfni sem styðja við bætt lífskjör í landinu. Atvinnuuppbyggingin og atvinnustefnan tekur einnig mið af stöðumati og umbótum í þeim þáttum sem nefndir voru hér að framan og Samtök iðnaðarins leggja sérstaka áherslu á. Hver þessara þátta þ.e. innviðir, menntun, nýsköpun og starfsumhverfi stendur ekki einn og sér heldur þarf að horfa til þeirra allra í samhengi.

Mótun atvinnustefnu er ein meginforsenda sjálfbærrar þróunar í hverju byggðarlagi og nátengd markmiðum byggðaáætlunar. Það þarf gott samstarf stjórnvalda, atvinnulífs og annarra til að ráðast í þetta mikilvæga verkefni sem mótun atvinnustefnu er og leiða það til lykta. Samtök iðnaðarins eru tilbúin til samstarfs við mótun atvinnustefnu. Atvinnustefna gagnast ekki eingöngu iðnaði heldur samfélaginu í heild sinni. Skýr sýn, fúmlaus framkvæmd og markviss eftirfylgni leiðir til raunverulegra umbóta og leggur grunn að auknum lífsgæðum.

Samtök iðnaðarins telja að betur færi á því að tengja byggðastefnu við mótun atvinnustefnu og þá í ofangreindu samhengi. Með því yrði áætlunin markvissari. Að sama skapi þarf að tengja betur saman aðgerðir í áætluninni og hvernig þær saman styrkja tiltekin svæði.

Mótun atvinnustefnu – viðbragð við breytingum og áföllum

Atvinnustefna er oftast en ekki mótuð í kjölfar stórra breytinga. Í Suður Kóreu og Finnlandi var atvinnustefna t.a.m. mótuð í kjölfar efnahagsáfalla. Bretar móta nú atvinnustefnu í ljósi Brexit sem miðar að uppbyggingu menntakerfis, innviða, nýsköpunar og starfsumhverfis og einföldun regluverks. Lögð er áhersla á þróun sem tengist fjórðu iðnbyltingunni. Nýlega kölluðu þá hin evrópsku samtök atvinnulífsins, „Business Europe“, eftir mótun atvinnustefnu í Evrópu til að standa betur að vígi í alþjóðlegri samkeppni

Mikilvægi atvinnustefnu – alþjóðleg reynsla

Höfuðborgin er þungamiðja mannlífs og atvinnusköpunar í flestum löndum. Bretland er gott dæmi um slíkt, þar sem London laðar til sín það besta víðs vegar að úr Bretlandi. Þýskaland er aftur á móti gott dæmi um hið gagnstæða, þar sem atvinnulífið dafnar um land allt. Stjórnsýslan er í Berlín, iðnaður hefur byggst upp í kringum München, og Frankfurt er fjármálamiðstöð Þýskalands svo dæmi séu tekin. Þannig hafa nást fram jafnari lífsgæði milli landshluta.

Bresk stjórnvöld vildu fylgja þessu eftir með verkefninu „Northern Powerhouse“ en það miðar að því að efla atvinnu og auka framleiðni á svæðum sem eiga undir högg að sækja. Um er að ræða heildstæða stefnu sem byggir á mörgum stoðum, m.a. uppbyggingu innviða og eflingu rannsókna, menntunar og menningar. Störf voru markvisst flutt á svæði sem áttu undir högg að sækja og þjónusta, fyrirtæki og menning fylgdi í kjölfarið. Framleiðni jókst í framhaldinu og ferlið varð sjálfærandi. Viðamesta framlag breska ríkisins til verkefnisins fólst í uppbyggingu innviða, meðal annars til að gera svæðið að einu atvinnusvæði þ.e. uppbygging innan svæðis en einnig til að bæta tengingar við höfuðborgina.

Ekki má gleyma því að allt snýst þetta um fólk og svæðið þarf því að vera aðlaðandi fyrir íbúana. Þess vegna er lögð áhersla á menningu og að gera umhverfið heillandi. Ný leikhús og söfn hafa verið sett á laggirnar og svæði til útivistar byggð upp til að þola frekari umferð fólks. Þá er bygging íbúðarhúsnæðis mikilvægur liður í uppbyggingunni og fjárfestingartækifærum er sérstaklega beint til erlendra fjárfesta. Með verkefninu náðist að jafna aðgengi að þjónustu, tækifæri til atvinnu og síðast en ekki síst stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaganna.

Um einstök atriði í byggðaáætlun

Samtök iðnaðarins fagna almennt þeim aðgerðum sem settar eru fram í byggðaáætluninni og miða að uppbyggingu innviða, eflingu menntunar og starfsumhverfis og stuðningi við nýsköpun og þróun. Samtökin vilja þó sérstaklega gera athugasemdir við nokkrar þeirra 48 aðgerða sem skilgreindar eru í byggðaáætluninni.

Almennt

Samtök iðnaðarins eru fylgjandi gerð höfuðborgarstefnu (aðgerð C.4) sem skilgreinir hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar allra landsmanna. Eins og réttilega er bent á í þingsályktuninni þá eru helstu samkeppnisaðilar höfuðborgarsvæðisins um fólk og fyrirtæki erlendar stórborgir og samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins mikilvæg fyrir alla landshluta. Mótun höfuðborgarstefnu krefst undirbúnings og samráðs og brýnt er að breið samstaða takist um það verk. Samtökin vilja gjarnan hafa aðkomu að þeirri vinnu sem fulltrúi 1.400 fyrirtækja og fulltrúi iðnaðar sem skapar um þriðjung landsframleiðslunnar. Gerð höfuðborgarstefnu er jafnframt nátengd atvinnustefnu landsins.

Innviðir

Traustir innviðir skipta landsmenn alla miklu máli. Í nýlegri skýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafarverkfræðinga kemur fram að heildarstofnvirði innviða á Íslandi nemi um 3.500 milljörðum króna sem er svipað og allar eignir íslenskra lífeyrissjóða. Virði innviða er þó umtalsvert meira en þessu nemur þar sem þeir eru forsenda verðmætasköpunar í öðrum greinum. Sjávarútvegur reiðir sig á góðar hafnir, ferðaþjónusta á örugga vegi og flugvelli og iðnaður á aðgengi að rafmagni svo dæmi séu tekin. Verðmætasköpun í helstu útflutningsgreinum Íslands á sér að talsverðu leyti stað utan höfuðborgarinnar. Með hliðsjón af því á innviðauppbygging að vera fyrirferðamikill þáttur í byggðaaætlun og raunar í forgrunni í atvinnustefnu landsins þegar hún verður mótuð. Uppbygging innviða er því einhver mikilvægasta byggðaaðgerð sem unnt er að ráðast í.

Margvísleg sjónarmið koma upp þegar verkefnum er forgangsraðað. Þar verður m.a. að horfa til atvinnulífs og þeirra verðmæta sem unnt væri að skapa samhliða uppbyggingu. Sem dæmi má nefna vegasamgöngur við sunnanverða Vestfirði þar sem flutningar á sjávarfangi hafa aukist umtalsvert á undanförunum árum. Raforkumál á Eyjafjarðarsvæðinu hafa einnig verið ofarlega á baugi en orkuskortur hamlar frekari iðnaðaruppbyggingu á svæðinu. Ferðaþjónustan hefur þá drifið áfram hagvöxt og framleiðniaukningu á mörgum svæðum en þar skipta samgönguinnviðir meginmáli. Uppbygging varafflugvalla fyrir alþjóðlegt flug og uppbygging vega að vinsælum ferðamannastöðum eru þar mikilvægar aðgerðir.

1. Aðgerðir B.1. og B.2. Samtökin eru sammála því að mikilvægt sé að hraða þrífösun dreifikerfis raforku og bæta flutningskerfið svo kerfin mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu. Hins vegar verður að athuga að þrífösun alls kerfisins er mjög kostnaðarsöm aðgerð og allur kostnaður fellur á notendur. Í ljósi þess telja Samtökin mikilvægt að framkvæmd sé ítarleg rannsókn á þörfum atvinnulífs og heimila í hverjum landshluta, bæði í nútíð og framtíð. Mikilvægt er að kanna hvort þrífösun rafmagns í öllu kerfinu sé kostnaðarskilvirkasta leiðin í öllum tilfellum og ákjósanlegasta. Er það öllum notendum til hagsbóta.
2. Aðgerð B.3. Samtökin fagna þeirri hugmynd að kannað sé og stutt við möguleika á aukinni raforkuframleiðslu á landsbyggðinni með smávirkjunum og efla þar með orkuöryggi á landsvísu. Hins vega vilja samtökin einnig að kannaður sé möguleiki á því að fyrirtæki fái að framleiða raforku úr afgangsvarma frá framleiðslu á þeim svæðum sem slíkt er mögulegt.
3. Aðgerð A.11. Í tillögunni kemur fram að markmiðið með aðgerðinni „flug sem almenningsamgöngur“ sé að innanlandsflug verði raunhæfur kostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar og að í skoðun sé að beina niðurgreiðslum til einstaklinga eingöngu. Samtökin telja æskilegt að skoðaðir séu kostir þess að fyrirtæki njóti niðurgreiðslunnar einnig enda vinnuferðir og tengsl við höfuðborgarsvæðið oft nauðsynlegur hluti af starfsemi og framleiðslu fyrirtækja.

Menntun

Menntunarskilyrði og fjölbreytt atvinnutækifæri eru ein meginforsenda fyrir sjálfbærri byggðapróun. Samtök iðnaðarins eru sammála því að hagnýta eigi upplýsingatækni til háskólanáms og efla eigi fjarnám á framhalds- og háskólastigi. Með tilkomu þekkingarsetra og auknu framboði háskólanna á fjarnámi aukast þannig möguleikar landsmanna til að leggja stund á háskólanám óháð búsetu.

Hins vegar verður að gæta að því misræmi sem er milli þarfa atvinnulífs og framboðs menntaðra úr háskólum, svokallað færnimISRæmi. Ítrekað hefur komið fram í samtölum við atvinnurekendur að auka þurfi veg iðnnáms og einblína meira á tækninám og svokallaða „mjúka færnipætti“ í menntun Íslendinga. Þá er áhyggjuefni að iðnnemar geti ekki lokið námi í heimabyggð þar sem of fáir væru í námi miðað við stuðningsreglur mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Samtökin telja því æskilegt að aðgerð A.3. (efling rannsóknar- og vísindastarfsemin) aðgerð A.16 (hagnýting upplýsingatækni til háskólanáms) og aðgerð C.3. (stuðningur við einstaklinga – námslán) taki mið af þessu færnimisræmi og haft sé víðtækt samráð við atvinnulífið um aðgerðir til að efla menntun í byggðaáætlun.

Samtökin hvetja stjórnvöld til þess að nýta tækifærið í tengslum við byggðaáætlun og efla iðnnám víða um land. Talsverður skortur er á iðnmenntuðu starfsfólki, atvinnumöguleikar eru góðir, menntunin nýtist hvar sem er og afleidd störf eru fjölmörg.

Nýsköpun og starfsumhverfi

Oft er sagt að í nýsköpun og þróun felist hagvöxtur 21. aldar og að fjórða iðnbyltingin muni leysa flest störf sem við þekkjum í dag af hólmi. Samtök iðnaðarins fagna því þeirri viðleitni sem einkennir margar aðgerðir í byggðaáætluninni: að nýta eigi tækifæri sem felast í tækninýjungum og upplýsingatækni nútímans. Samtökin fagna einnig þeirri viðleitni sem endurspeglast í aðgerð B.14 sem miðar að því að veita fjármagni til nýsköpunar í atvinnulífi og auðveldar frumkvöðlum að koma hugmyndum sínum og verkefnum í framkvæmd. Samtökin vilja þó einnig að hugað sé að vexti fyrirtækja sem eru fyrir í greininni og stunda nýsköpun með markvissum endurgreiðslum vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Mikilvægt er að huga að alúð við sprotafyrirtæki sem eru fyrir í greininni og vilja vaxa.

Nýsköpun og þróun hefur glætt mörg byggðarlög á landsbyggðinni nýju lífi m.a. með hagnýtingu líftækni, t.d. framleiðslu virkra lífefna úr þörungum, sjávarfangi og landbúnaði. Halda þarf því góða starfi áfram. Nýsköpun og þróun þarf að skipa veglegan sess í byggðaáætlun 2018-2024.

Virðingarfyllst,



Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins



Vilhjálmur Hilmarsson,
Sérfræðingur í greiningum

Heimildir

Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfni, Samtök iðnaðarins, mars 2018.

Northern Powerhouse Strategy, nóvember 2016,

https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/571562/NPH_strategy_web.pdf

Innviðir á Íslandi – Ástand og framtíðarhorfur, Samtök iðnaðarins, október 2017.